

Mánudaginn 14. mars 1989.

Nr. 151/1988, **Ákærvaldið**

365/1988 og (Björn Helgason saksóknari)

374/1988. gegn

Matthildi Eiðsdóttur

(Stefán Pálsson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari hefur með stefnum 13. maí 1988, 17. ágúst 1988 og 15. nóvember 1988 áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærðu, en einnig til þyngingar, þremur dómum sakadóms Reykjavíkur svo sem hér segir: dómi, upp kveðnum 27. apríl 1988, í máli, sem höfðað var samkvæmt ákærum 18. janúar 1988 og 3. mars 1988, dómi, upp kveðnum 13. júlí 1988, í máli, sem höfðað var samkvæmt ákærum 10. júní 1988 og 13. júní 1988, og dómi, upp kveðnum 10. nóvember 1988, í máli, sem höfðað var samkvæmt ákæru 25. október 1988.

Málin hafa verið sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að hinir áfrýjuðu dómar verði staðfestir, þó þannig að refsing ákærðu verði þyngd. Þá er þess krafist að ákærða verði dæmd til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar.

Ákærða krefst þess að refsing verði ákveðin svo væg sem lög frekast leyfa.

Svo sem málið hefur verið lagt fyrir, verður að telja, að ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um skaðabætur og vexti séu ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti, sbr. 147. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

I.

Héraðsdómur 27. apríl 1988.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsí-
ákvæða samkvæmt 1. kafla ákæru 18. janúar 1988, en af hálfu

ákærvalds er nú ekki krafist sakfellingar samkvæmt 2. kafla ákæru þessarar.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsí-
ákvæða samkvæmt ákæru 3. mars 1988, en fallið er frá kröfu um
að ákærða verði svipt rétti til að öðlast ökuleyfi.

II.

Héraðsdómur 13. júlí 1988.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsí-
ákvæða samkvæmt ákæru 10. júní 1988.

Fyrir Hæstarétti var leiðrétt sú misritun í 1. kafla ákæru 13. júní
1988 að ákærða hefði framvísað nafnskirteini í stað ökuskirteinis,
svo sem rétt er. Var málið reifað að þessu leyti, sbr. 3. mgr. 118.
gr. laga nr. 74/1974. Verður dómur lagður á ákæruatriði þetta þrátt
fyrir misritun þessa. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara um
efni ákæru þessarar og færslu brota til refsíákvæða.

III.

Héraðsdómur 10. nóvember 1988.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsí-
ákvæða samkvæmt ákæru í máli þessu.

IV.

Ákveða ber refsingu ákærðu með hliðsjón af ákvæðum 72. gr.,
77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þykir refs-
ing hæfilega ákveðin fangelsi 11 mánuði. Til frádráttar þeirri refs-
ingu komi með fullri dagatölu tími sá, sem ákærða sat í gæsluvarð-
haldi dagana 7. til 9. desember 1987 og 8. til 14. mars 1988.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera
óröskuð.

Dæma ber ákærðu til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins
svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi 11 mánuði, en
til frádráttar þeirri refsingu komi með fullri dagatölu gæslu-
varðhald hennar dagana 7. til 9. desember 1987 og 8. til 14.
mars 1988.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. apríl 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 27. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 255/1988: Ákærvaldið gegn Matthildi Eiðsdóttur, sem dómtekið var 25. apríl sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara á hendur Matthildi Eiðsdóttur, fæddri 18. mars 1961 í Vestmannaeyjum, nú refsifanga í Hegningarhúsinu.

Fyrri ákæran er gefin út 18. janúar sl. Samkvæmt henni er hún ákærð „fyrir eftirgreind brot á hegningarlögum, framin í Reykjavík í nóvember og desember 1987:

1.

Fyrir skjalafals með því að hafa dagana 8.-11. nóvember framvísað í eftirgreindum stöðum greiðslukorti Ragnheiðar Pálsdóttur, Asparfelli 8, Reykjavík, frá Visa-Island, nr. 4507-4500-0007-9217, og falsað þar nafn hennar á greiðslunótur til staðfestingar á móttöku vara og þjónustu sem ákærða lét skuldfæra á viðkomandi reikning Ragnheiðar, svo sem rakið er:

1) Á veitingastaðnum Krákunni, Laugavegi 22, andvirði veitinga kr. 3.312,00 samkvæmt sölunótu nr. 3272466, dagsettri 8.11.1987.

2) Í söluturninum Læk, Lækjargötu 2, andvirði vara kr. 4.065,00 samkvæmt sölunótu nr. 4339351, dagsettri 9.11.1987.

3) Í versluninni Takti hf., Laugavegi 24, andvirði fatnaðar kr. 7.740,00 samkvæmt sölunótu nr. 3360042, dagsettri 9.11.1987.

4) Í söluturninum Lukku-Láka, Langholtsvegi 126, andvirði vöruúttektar kr. 4.520,00 samkvæmt sölunótu nr. 2467314, dagsettri 10.11.1987.

5) Í JL-húsinu hf., Hringbraut 121, andvirði vöruúttektar kr. 4.163,00 samkvæmt sölunótu nr. 4049003, dagsettri 10.11.1987.

6) Í JL Byggingavörum, Hringbraut 121, andvirði vöru kr. 7.916,00 samkvæmt sölunótu nr. 3273527, dagsettri 10.11.1987.

7) Í versluninni Lilju, Laugavegi 19, andvirði fatnaðar kr. 7.200,00 samkvæmt sölunótu nr. 1795869, dagsettri 11.11.1987.

8) Í Húsasmiðjunni hf., Súðarvogi 3-5, andvirði málningarvöru kr. 7.923,00 samkvæmt sölunótu nr. 3860385, dagsettri 11.11.1987.

9) Í verslun Slippfélagsins hf., Dugguvogi 4, andvirði málningarvöru kr. 5.070,00 samkvæmt sölunótu nr. 9830206, dagsettri 11.11.1987.

10) Í versluninni Vörðunni, Grettisgötu 2a, andvirði kjóls kr. 3.990,00 samkvæmt sölunótu nr. 2871817, dagsettri 11.11.1987.

11) Í verslun Slippfélagsins hf., Mýrargötu 2, andvirði málningarvöru kr. 7.571,00 samkvæmt sölunótu nr. 1831113, dagsettri 11.11.1987.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

2.

Fyrir þjófnað með því að hafa laugardaginn 5. desember stolið svuntu, pils og peysufatablússu með sjali í versluninni Stokki, Skólavörðustíg 21.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Síðari ákæran er gefin út 3. mars sl. og er hún þar ákærð „fyrir eftirgreind brot:

1. Að hafa 13. júlí 1987 framvísað í Útvegsbanka Íslands í Keflavík beiðni um stofnun tékkareiknings sem hún falsaði með nafnrituninni Ragna Þorsteinsdóttir,

2. 15. júlí, framvísað á bæjarskrifstofunum í Keflavík tilkynningu um aðsetursskipti frá Álfatalandi 7, Reykjavík, að Hafnargötu 16, Keflavík, sem hún falsaði einnig með nafnrituninni Ragna Þorsteinsdóttir, nnr. 7153-4340,

3. Notað í viðskiptum í júlí, svo sem rakið verður, eftirgreinda tékka sem hún falsaði með útgefandanafnrituninni Ragna Þorsteinsdóttir og gaf út til handhafa á reikning nr. 2961 við Útvegsbankann í Keflavík, sem hún náði að stofna með ofangreindum hætti:

1) Tékki nr. 947517, að fjárhæð kr. 16.000,00, dagsettur 17.7.1987, seldur í Grensásútibúi Iðnaðarbankans í Reykjavík.

2) Tékki nr. 947502, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 13.7.1987 með framsalsstimpli Ljósmyndastofu Suðurnesja. Óvíst um notkun.

3) Tékki nr. 947506, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 15.7.1987 með framsalsstimpli Aðalstöðvarinnar hf. í Keflavík. Óvíst um notkun.

4) Tékki nr. 947509, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 15.7.1987 með framsalsstimpli Aðalstöðvarinnar. Óvíst um notkun.

5) Tékki nr. 947518, að fjárhæð kr. 5.120,00, dagsettur 24.7.1987. Seldur í versluninni Kjallaranum í Keflavík.

4.

Hinn 17. júlí undirritað leigusamning við bílaleiguna Ós, Langholtsvegi

109, Reykjavík, um bifreiðina R 20047 með nafninu Ragna Þorsteinsdóttir, Álftalandi 7, Reykjavík.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

5.

Aðfaranótt laugardagsins 18. júlí 1987 ekið bifreiðinni R 20047 undir áhrifum áfengis og svipt rétti til ökuleyfis um götur í Reykjavík þar sem lögreglumenn stöðvuðu akstur hennar á Laugavegi við Höfðatún.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, sbr. nú 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. laga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuleyfis samkvæmt 81. gr. laga nr. 40/1968, sbr. nú 102. gr. laga nr. 50/1987, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

Sakaferill ákærðu er sem hér segir:

1980: 45 daga fangelsi skilorðsbundið í 2 ár fyrir skjalafals.

1985: 6 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.

1985: 4 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, fjárdrátt, fjársvik og tékkalagabrot.

1986: 3 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.

1986: 5 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og fjársvik.

1987: Sakfelld fyrir skjalafals og fjársvik. Ekki gerð refsing.

1988: 5 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og fjársvik. Dómur kveðinn upp 20. janúar.

Þá hefur ákærða 5 sinnum sæst á sektargreiðslur vegna áfengis- og fiknilagabrota.

A. Málavextir samkvæmt ákæru, út gefinni 18. janúar 1988.

1.

Ákærða hefur viðurkennt að hafa haft undir höndum greiðslukort Ragnheiðar Pálsdóttur, en hefur ekki getað gert grein fyrir, hvernig hún komst yfir það. Einnig hefur hún viðurkennt að hafa framvísað kortinu í viðskiptum, svo sem rakið er í ákærinni, og falsað nafn Ragnheiðar Pálsdóttur á greiðslunóturnar sem þar er nánar lýst. Fyrir dómi kvaðst ákærða þó ekki geta fullyrt að hún hefði undirritað allar nóturnar. Gaf hún rithandarsýnishorn sem sent var Mariu Bergmann skriftarfræðingi ásamt greiðslunótunum. Niðurstaða skriftarfræðingsins var sú að sama rithönd hefði undirritað nóturnar og gefið rithandarsýnið.

Með viðurkenningu ákærðu, sem studd er öðrum gögnum málsins, telst því sannað að hún hafi gerst sek um verknaði þá, sem henni eru gefnir að sök í þessum kafla ákærunnar og varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Visa-Island Greiðslumiðlun hf. hefur krafist bóta, að fjárhæð kr. 63.470,00, ásamt dráttarvöxtum frá 8. nóvember 1987. Ákærða hefur samþykkt þessa kröfu og verður hún því tekin til greina.

2.

Ákærða hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa 5. desember sl. stolið svuntu, pilsu og peysufatablússu með sjali í versluninni Stokki, Skólavörðustíg 21 í Reykjavík. Hafði ákærða falast eftir að kaupa þessi föt en ekki getað greitt þau. Reyndi hún þá að fá andvirðið lánað, en tókst ekki heldur. Fór hún þá á brott, en kom aftur skömmu síðar og notaði tækifærið, er verslunareigandinn var að ræða við annan mann, og stal fötunum. Þau komust til skila og er ekki gerð krafa á hendur ákærðu vegna þessa.

Í ákæruskjalinu hefur láðst að heimfæra þennan verknað undir það lagaákvæði, er ákæruvaldið telur ákærðu hafa brotið. Fullnægir ákæran að þessu leyti ekki ákvæðum 115. gr. laga nr. 74/1974, og verður henni vísað frá dómi hvað þennan kafla snertir.

B. Málavextir samkvæmt ákæru, út gefinni 3. mars 1988.

1.

Seinni hluta vetrar og vorið 1987 vann ákærða í Gistiheimilinu að Brautarholti 22. Þar fann hún einhverju sinni ökuskírteini Rögnu Þorsteinsdóttur. Í júlímánuði fluttist hún til Keflavíkur, og 13. sama mánaðar stofnaði hún tékkareikning við útibú Útvegsbankans þar. Reikninginn stofnaði hún á nafni Rögnu Þorsteinsdóttur og framvísaði beiðni sem hún undirritaði með því nafni. Fékk hún afhent tékkhefti svo sem nánar verður rakið í þriðja lið hér á eftir.

2.

Hinn 15. júlí 1987 framvísaði ákærða tilkynningu um aðsetursskipti á bæjarskrifstofunni í Keflavík. Samkvæmt tilkynningu þessari flyst Ragna Þorsteinsdóttir frá Álfalandi 7 í Reykjavík að Hafnargötu 16 í Keflavík. Tilkynninguna undirritar ákærða með eigin nafni. Í framhaldi af þessu fékk ákærða síðan afhent sjúkrasamlagsskírteini á nafni Rögnu.

3.

Úr tékkhefti því, sem um getur í 1. lið hér að framan, falsaði ákærða þá fimm tékka, sem upp eru taldir í ákærunni, með útgefandanafrnituninni

Ragna Þorsteinsdóttir og notaði í lögskiptum. Hefur hún bæði hjá lögreglu og fyrir dómi kannast við rithönd sína á tékkunum, en ekki hefur hún getað borið um notkun þeirra, nema hvað tékki nr. 947515 var seldur í Grensás-útibúi Iðnaðarbankans og tékki nr. 947518 í versluninni Kjallaranum í Keflavík.

Iðnaðarbankinn hefur krafist þess að ákærða verði dæmd til að greiða honum kr. 16.000,00 með dómvöxtum frá 17. júlí 1987. Hefur ákærða samþykkt þessa kröfu, og verður hún því tekin til greina að öðru leyti en því, að í stað dómvaxta skulu reiknast almennir vextir á kröfuna frá 17. júlí 1987 til greiðsludags, allt að frá dregnum kr. 10.300,00, sem gögn málsins bera með sér, að ákærða hafi þegar greitt inn á kröfuna.

4.

Hinn 17. júlí 1987 tók ákærða á leigu bifreið hjá bílaleigunni Ósi. Ekki þurfti hún að framvísa skilríkjum, en undirritaði leigusamninginn með nafninu Ragna Þorsteinsdóttir, Álfalandi 7, Reykjavík.

Hefur hún bæði hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt þetta.

Ekki er gerð bótakrafa á hendur ákærðu vegna þessa atviks.

Verknaðir þeir, sem raktir hafa verið í 1.-4. hér að framan, varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga svo sem greinir í ákæru-skjali.

5.

Aðfaranótt 18. júlí 1987 ók ákærða bifreiðinni R-20047 frá Hafnarstræti í Reykjavík og sem leið liggur allt þar til lögreglan stöðvaði bifreiðina á Laugavegi við Höfðatún. Ákærða var réttindalaus við aksturinn, enda kvaðst hún aldrei hafa tekið ökuþróf og styðst það við afrit úr ökuferilsskrá hennar sem lagt hefur verið fram í málinu. Þá er þess einnig að geta að ekki verður séð á sakavottorði hennar að hún hafi nokkru sinni hlotið refsingu fyrir umferðarlagabrot. Það er því ekki rétt sem í ákæru segir að ákærða hafi verið svipt rétti til ökuleyfis er hún ók bifreiðinni, heldur var hún réttindalaus. Hjá lögreglu viðurkenndi ákærða að hafa drukkið þrjú glös af áfengi fyrir aksturinn og að hafa fundið til áhrifa þess við hann. Einnig neytti hún lyfja og var undir áhrifum þeirra við aksturinn. Þetta staðfesti hún fyrir dómi þótt hún tæki fram að hún myndi ekki eftir að hafa drukkið áfengi. Ákærðu var tekið blóð til alkóhólranssóknar og sýndi niðurstaða þeirrar rannsóknar að í blóði ákærðu voru 0,92 ‰ alkóhóls í þetta skipti.

Verknaður þessi varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. nú 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Viðurlög.

Refsingu ákærðu ber að ákveða með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og er hún hæfileg fangelsi í 3 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærðu í 2 daga.

Samkvæmt 102. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, ber að svipta hana rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá dómsuppsögudegi að telja. Samkvæmt 104. gr. sömu laga, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974, skal áfrýjun ekki fresta verkun dóms að þessu leyti.

Ákærða verður dæmd til að greiða skaðabætur sem hér segir:

Visa-Island Greiðslumiðlun hf. kr. 63.470,00 ásamt dráttarvöxtum frá 8. nóvember 1987 til greiðsludags og Iðnaðarbankanum kr. 16.000,00 með almennum vöxtum frá 17. júlí 1987 til greiðsludags að frádregnum kr. 10.300,00.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., kr. 20.000,00.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi þrjá mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hennar í tvo daga.

2. kafla ákæru, sem út gefin er 18. janúar 1988, er vísað frá dómi.

Ákærða er svipt rétti til að öðlast ökuleyfi í þrjá mánuði frá dómsuppsögudegi að telja og frestar áfrýjun ekki verkun dóms að þessu leyti.

Ákærða greiði Visa-Island Greiðslumiðlun hf. kr. 63.470,00 með dráttarvöxtum frá 8. nóvember 1987 til greiðsludags. Enn fremur greiði hún Iðnaðarbankanum kr. 16.000,00 með almennum vöxtum frá 17. júlí 1987 til greiðsludags að frá dregnum kr. 10.300,00.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., kr. 20.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júlí 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 395/1988: Ákæruvaldið gegn Matthildi Eiðsdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með tveimur ákærum rikissaksóknara. Með ákæru, dagsettri 10. júní sl., er málið höfðað á hendur ákærðu, sem fædd er 18. mars

1961 í Vestmannaeyjum, „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot, framin í Reykjavík, nema annað sé nefnt:

A. Skjalafals.

Breytt fjárhæðum tveggja tékka úr kr. 2.000,00 í kr. 20.000,00 og notað þá síðan í viðskiptum. Tékkarnir eru á eyðublöðum nr. 3772793-94 frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, út gefnir af Páli Pálssyni 22. desember 1987 til handhafa á reikning nr. 31986. Ákærða framseldi þá með eigin nafni og seldi báða á útgáfudegi þeirra, annan í Miðbæjarútibúi Búnaðarbankans og hinn í Alþýðubankanum hf.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

B. Þjófnaður.

1. Miðvikudaginn 23. desember 1987 stolið peningaveski á skrifstofu Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, Vonarstræti 4, og innihaldi þess, sem voru kr. 5.000,00 í peningum, tékki að fjárhæð kr. 20.000,00, sem ákærða nýtti sér, svo og ýmis persónuskilríki.

2. Miðvikudaginn 24. febrúar 1988 stolið peningaveski á skrifstofu Reykjavíkurborgar að Austurstræti 18 og því, sem í veskinu var, en það var visa-kort, bankakort, ökuskirteini, ýmsar nótur og tékkhefti frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11.

Teljast þessir verknaðir ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

C. Skjalafals.

Falsað 6 tékka á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti og notað í viðskiptum. Tékkana undirritaði ákærða alla með nafni Hjörleifs B. Kvarans, og notaði reikningsnúmerið 6304, en framseldi þá með eigin nafni. Þeir eru gefnir út til handhafa, nema annað sé nefnt:

1. Nr. 2867162, kr. 20.000, dagsettur 25. febrúar 1988.

2. Nr. 2867163, kr. 20.000, dagsettur 4. mars 1988. Báða þessa tékka notaði ákærða til bílakaupa samkvæmt afsali og sölutilkynningu, dagsettum 25. febrúar 1988.

3. Nr. 2867159, kr. 12.000, dagsettur 25. febrúar 1988. Tékkann seldi ákærða í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi.

4. Nr. 2867164, kr. 5.000, dagsettur 26. febrúar 1988. Tékkann notaði ákærða til bensínkaupa hjá Olís, Hafnarstræti 5.

5. Nr. 2867172, kr. 4.300, dagsettur 28. febrúar 1988. Ákærða verslaði með tékkanum í versluninni Brekkuvali, Hjallabrekku 2, Kópavogi.

6. Nr. 2867174, kr. 5.480, dagsettur 29. febrúar 1988, út gefinn til Matthildar Eiðsdóttur. Tékkann notaði ákærða á veitingastað að Skipholti 70.

Teljast þessir verknaðir ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið einnig höfðað á hendur ákærðu með ákæru, dagsettri 13. júní sl., „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík 1987:

1.

Fyrir að hafa 2. október á bilaleigunni EG, Borgartúni 5, undirritað leigusamning um bifreiðina R 49539 með nafni Rögna Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340, og jafnframt framvísað á bilaleigunni nafnskríteini Rögna, sem ákærða hafði komist yfir og jafnframt falsað með því að setja í það mynd af sér.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

2.

Tekið í heimildarleysi aðfaranótt 11. desember bifreiðina R 69801 við Hótel Loftleiðir við Reykjavíkurlugvöll og ekið henni án ökuréttinda um götur í Reykjavík uns lögreglumenn stöðvuðu akstur hennar í Lækjargötu um kl. 13 sama dag.

Telst heimildarlaus taka ákærðu á bifreiðinni varða við 1. mgr. 259. gr. hegningarlaganna, sbr. lög nr. 20/1956, og akstur hennar án ökuréttinda við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákæra, dagsett 10. júní 1988.

A-kafli.

Þriðjudaginn 22. desember sl. fékk Páll Pálsson, Laugavegi 126, Reykjavík, ákærðu í hendur tvo tékka, hvorn að fjárhæð kr. 2.000,00, á eyðublöðum nr. 3772793-94, frá Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, sem hann hafði sjálfur gefið út til handhafa á reikning nr. 31986. Átti ákærða að kaupa matvöru fyrir andvirði tékkanna. Ákærða gerði það hins vegar ekki, heldur breytti hún fjárhæðum þeirra beggja í 20.000,00 krónur og framseldi þá í eigin nafni og seldi sama dag í Búnaðarbankanum, Laugavegi 3, og Alþýðubankanum, Laugavegi 31.

Framangreind háttsemi ákærðu er sönnuð með játningu hennar, sem er í samræmi við önnur málsgögn. Varðar atferli ákærðu við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Búnaðarbanki Íslands, Laugavegi 3, Reykjavík, hefur krafist þess að

ákærða verði dæmd til að greiða fjárhæð tékka þess sem hún skipti í bankanum greint sinn, 20.000,00 krónur, ásamt dráttarvöxtum frá innlausnardegi hans, sem var sama dag og honum var skipt, til greiðsludags.

Þá hefur Alþýðubankinn gert á sama hátt kröfu til þess að ákærða endurgreiði bankanum andvirði umrædds tékka, að fjárhæð kr. 20.000,00, sem hún skipti í bankanum 20. desember sl., ásamt dráttarvöxtum.

Ákærða hefur samþykkt kröfur þessar og verður hún dæmd til greiðslu þeirra ásamt almennum vöxtum frá 22. desember 1987 til greiðsludags.

B-kaflí.

1. Miðvikudaginn 23. desember sl. var ákærða stödd í skrifstofu Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar að Vonarstræti 4 hér í borg. Er starfsmaður stofnunarinnar brá sér frá, sló ákærða eign sinni á seðlaveski, sem var í skrifstofunni. Í veskinu voru 5.000,00 krónur í peningum, tékki að fjárhæð 20.000,00 krónur, sem ákærða nýtti sér til að kaupa farmiða til Kaupmannahafnar, auk ýmissa persónuskilríkja.

2. Miðvikudaginn 24. febrúar sl. fór ákærða á skrifstofu Reykjavíkurborgar að Austurstræti 18 í því skyni að ná tali af borgarstjóra. Var borgarstjóri ekki við, og allir þeir, sem unnu á skrifstofunni, voru í mat. Fór ákærða þá í skúffu í einu herbergjanna og stal peningaveski sem í var visa-greiðslukort, bankakort, ökuskírteini, ýmsar nótur og tékkhefti frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11 hér í borg. Seðlaveskið ásamt greiðslukortinu, bankakortinu, ökuskírteininu og nótunum kom í leitirnar 10. mars sl., og var því komið til eiganda næsta dag.

Framangreind brot ákærðu eru sönnuð með játningum hennar, sem eru í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu. Varðar háttsemi ákærðu í báðum liðum við 244. gr. almennra hegningarlaga.

C-kaflí.

Ákærða notaði tékkhefti það, sem um getur í B-kafla ákærunnar, og falsaði þá sex tékka sem upp eru taldir í ákærukafla þessum, liðum 1-6, á eyðublöð úr heftinu. Undirritaði ákærða alla tékkana með nafni Hjörleifs B. Kvarans, en hún hafði komist yfir skilríki hans, um leið og hún stal tékkheftinu. Ákærða gaf tékkana út til handhafa, framseldi þá í eigin nafni og notaði reikningsnúmerið 6304. Notkun tékkanna, dagsetningum og fjárhæðum er að öllu leyti rétt lýst í ákæru.

Ofangreind háttsemi ákærðu er sönnuð með játningu hennar og öðrum gögnum málsins og varðar hún við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Eftirtalдар bótakröfur hafa verið gerðar á hendur ákærðu vegna þessa kafla ákærunnar:

1. Búnaðarbanki Íslands, Austurbæjarútibú, hefur krafist þess að ákærða verði dæmd til að greiða bankanum 12.000,00 krónur ásamt vöxt-

um og kostnaði (ákæruliður 3). Upphafsdagur vaxtakröfu er eigi tilgreindur, en kröfubréfið er dagsett 4. mars 1988. Verður krafa þessi tekin til greina með því að ákærða verður dæmd til greiðslu hennar ásamt almennum vöxtum frá 4. mars 1988 til greiðsludags.

2. Olíuverslun Íslands, Hafnarstræti 5, Reykjavík, krefst þess að ákærða verði dæmd til að greiða fyrirtækinu 5.000,00 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags (ákæruliður 4). Ákærða verður dæmd til greiðslu kröfu þessarar ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, sem hér um ræðir, sem var hinn 26. febrúar 1988, til greiðsludags.

3. Verslunin Brekkuval, Hjallabrekku 2, Kópavogi, gerir þá kröfu að ákærða verði dæmd til að greiða versluninni 4.300,00 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags (ákæruliður 5). Krafa þessi verður tekin til greina og ákærða dæmd til greiðslu hennar ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, sem hér um ræðir, hinn 19. febrúar 1988, til greiðsludags.

4. Að lokum hefur af hálfu veitingastaðarins American Style, Skipholti 70, Reykjavík, verið krafist þess að ákærða greiði veitingastaðnum 5.480,00 krónur ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags (ákæruliður 6). Ákærða verður dæmd til greiðslu kröfu þessarar ásamt almennum vöxtum frá sýningardegi tékka þess, sem um getur í 6. lið ákærukafla þessa, sem var hinn 1. mars 1988, til greiðsludags.

Ákæra, dagsett 13. júní 1988.

1. kafli.

Hinn 2. október sl. fór ákærða á bilaleiguna EG, Borgartúni 5 hér í borg, og tók á leigu bifreiðina R 49539. Ritaði ákærða undir leigusamning um bifreiðina nafn Rögnu Þorsteinsdóttur, nnr. 7153-4340. Jafnframt framvísaði ákærða á bilaleigunni ökuskírteini umræddrar Rögnu, sem ákærða hafði áður komist yfir og falsað með því að skera úr því mynd af Rögnu og setja í staðinn mynd af sér.

Ofangreint atferli ákærðu er sannað með játningu hennar sem er í samræmi við önnur gögn málsins og varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

2. kafli.

Aðfaranótt 11. desember sl. tók ákærða í heimildarleysi bifreiðina R 69801, þar sem hún stóð fyrir utan Hótel Loftleiðir við Reykjavíkurflogvöll. Ákærða ók bifreiðinni án þess að hafa ökuréttindi um götur borgarinnar uns lögreglumenn stöðvuðu aksturinn í Lækjargötu um kl. 13 sama dag.

Brót ákærðu er sannað með játningu hennar sem er í samræmi við önnur

málgögn. Varðar brotið við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956 og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 1. mgr. 27. gr. eldri umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 2. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Sakaferill.

— — —

Refsing.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. áður 80. gr. eldri umferðarlaga, nr. 40/1968, sbr. 1. mgr. laga nr. 54/1976, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing ákærðu ákveðin með hliðsjón af 72., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 8. til 14. mars sl., sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabætur.

Ákærða verður dæmd til greiðslu skaðabóta eins og að framan greinir.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi fimm mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 8.-14. mars 1988.

Ákærða greiði eftirtöldum skaðabætur:

1. Búnaðarbanka Íslands, Laugavegi 3, Reykjavík, 20.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 22. desember 1987 til greiðsludags.

2. Alþýðubanka Íslands hf., Laugavegi 31, Reykjavík, 20.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 22. desember 1987 til greiðsludags.

3. Búnaðarbanka Íslands við Hlemm, Reykjavík, 12.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 25. febrúar 1988 til greiðsludags.

4. Ollíuverslun Íslands, Hafnarstræti 5, Reykjavík, 5.000,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 26. febrúar 1988 til greiðsludags.

5. Versluninni Brekkuvall, Hjallabrekku 2, Kópavogi, 4.300,00 krónur ásamt almennum vöxtum frá 1. mars 1988 til greiðsludags.

6. Veitingastaðnum American Style, Skipholti 70, Reykjavík, kr. 5.480,00 ásamt almennum vöxtum frá 1. mars 1988 til greiðsludags.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 10. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni, settum sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 596/1988: Ákærvaldið gegn Matthildi Eiðsdóttur, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. október sl., á hendur ákærðu, „Matthildi Eiðsdóttur, Brautarholti 22, Reykjavík, fæddri 18. mars 1961 í Vestmannaeyjum, fyrir skalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, með því að nota í viðskiptum í janúar 1988 eftirtalda þrjá falsaða tékka á stolnum eyðublöðum úr tékkhefti frá Sparisjóði Kópavogs, en tékkana hafði ákærða útfyllt með fölskum undirskriftum og reikningsnúmerinu 44358:

1. Nr. 315047, kr. 24.000, dagsettur 21.1. 1988, til handhafa. Nafn útgefanda Hreiðar Jónsson. Ákærða framseldi tékkann eigin nafni og keypti fyrir hann vörur í versluninni Tónborg, Hamraborg 7, Kópavogi, og fékk peninga til baka.

2. Nr. 315044, kr. 53.000, dagsettur 22.1. 1988, til Matthildar Eiðsdóttur. Nafn útgefanda Ósk B. Bjarnadóttir. Ákærða reyndi að selja tékkann í Landsbanka Íslands, aðalbanka, þar sem hún framvísaði honum hjá gjaldkera en hvarf síðan á braut.

3. Nr. 315046, kr. 20.000, dagsettur 21.1. 1988, til handhafa. Nafn útgefanda Hreiðar Jónsson. Ákærða keypti fatnað fyrir tékkann í verslun í Hafnarstræti í Reykjavík.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærðu og öðru því sem fram er komið í málinu:

Hinn 26. janúar sl. kærði Héðinn Jónsson, Kjarrhólma 24, Kópavogi, til RLR þjófnað á bankakorti og 22 tékkaeyðublöðum á reikningi nr. 44257 á Sparisjóð Kópavogs, Austurbæjarútibú. Kvaðst Héðinn hafa farið að gistiheimilinu að Brautarholti 22 og hitt þar fólk og neytt áfengis með því. Þarna kvað kærandi að 22 eyðublöðum úr tékkhefti hans hefði verið stolið auk bankakorts og sjúkrasamlagsskírteinis.

Ákærða hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa fengið fimm eyðublöð úr heftinu frá Járnbrá Hilmaradóttur og falsað þrjá tékka 21. og 22. janúar sl., en rífið tvo. Er tékkunum þremur, sem samtals eru að fjárhæð kr. 97.000,00, og notkun þeirra rétt lýst í ákæruskjali.

Ofangreind háttsemi ákærðu, sem sönnuð er með játningu hennar og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Verslunin Tónborg, Hamraborg 7, Kópavogi, hefur gert kröfu um að

ákærða verði dæmd til greiðslu á kr. 24.000,00 ásamt vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags.

Krafan, sem ákærða hefur samþykkt, verður tekin til greina og skulu dráttarvextir reiknast frá innlausnardegi tékkans, 25. janúar sl.

Aðrar bótakröfur hafa ekki borist í máli þessu.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún sætt eftirtöldum refsingum:

— — —

Brot ákærðu, sem hér er fjallað um, eru framin áður en dómarnir frá 27. apríl sl. og 13. júlí sl. gengu. Verður því höfð hliðsjón af ákvæðum 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga og henni nú ákveðinn hegningarauki. Með hliðsjón af sakaferli ákærðu þykir refsing hennar hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði.

Þá ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Matthildur Eiðsdóttir, sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákærða greiði Tónaborg, Hamraborg 7, Kópavogi, kr. 24.000,00 ásamt dráttarvöxtum frá 25. janúar 1988 til greiðsludags.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.
